

246. fundur Skólanefndar FS

19. júní 2001



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Guðbjörg Ingimundardóttir, áheyrnarfulltrúinn Ívar Valbergsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Innritun haustönn 2001.
 2. Kennararáðningar.
 3. Önnur mál.

1. Innritun haustönn 2001.

Skólameistari dreifði yfirliti yfir fjölda umsókna á haustönn og skiptingu eftir brautum og sveitarfélögum. Fjöldi umsókna er svipaður nú og á haustönn í fyrra.

2. Kennararáðningar.

Skólameistari sagði frá umsóknum um kennarastöður. Skólanefnd mælir með að ráða Dóru Guðmundsdóttur til að kenna dönsku og íslensku, Atla Þorsteinsson til að kenna sögu, Hauk Ægisson til að kenna líffræði og stærðfræði og Starkað Barkarson til að kenna íslensku. Einnig Gunnar Björnsson til að kenna stærðfræði fram að áramótum. Þá mælir skólanefnd með að ráða Stefán P. Bustos, Agnar Guðmundsson og Ingvar Hjálmarsson sem stundakennara. Enn vantar kennara í dönsku og íslensku. Nefndin framlengir leyfi Sigrid Österby fram að áramótum.

3. Önnur mál.

- a) Skólameistari og formaður sögðu frá fyrirhuguðum fundi með ráðherra og fulltrúum sveitarfélaga um viðbyggingu.
- b) Skólameistari kynnti bréf frá LÍN varðandi skólaakstur. Rætt um skipulag skólaakstursins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Umsóknir á haustönn 2001

Fjöldi umsókna: 689 (13. júní)
Þar af nýnema: 172

Skipting nýnema eftir sveitarfélögum:


	Fjöldi í árgangi	Umsóknir	%
Garður	17	13	76,5%
Grindavík	42	31	73,8%
Keflavík	99	76	76,8%
Njarðvík	35	29	82,9%
Sandgerði	31	19	61,3%
Vogar	11	4	36,4%
	235	172	

Hlutfall árgangs: 73,2%

Skipting nýnema eftir brautum:

Almenn braut	60
Félagsfræðibraut	21
Fornám	23
Grundeild háriðna	2
Grunndeild rafíðna	6
Grunndeild tréiðna	2
Málabraut	4
Málmiðngreinar	1
Náttúrufræðibraut	40
Sjúkraliðabraut	1
Tölvubraut	11
Uppeldisbraut	1
	172

Nýnemar eftir sveitarfélögum - H2001



Nýnemar eftir sveitarfélögum - H2001

